

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Tónheyrn F1

Vorönn 2026

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: M2 og f.hl. THE F1

Hæfniprep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Tónheyrn byggist á endurtekinni þjálfun með svipuðum hætti og hljóðfæranám og hér er haldið áfram með hana frá haustönninni þar sem viðfangsefnið verður smám saman margbrotnara. Laglínur í dúr og hreinum og hljómhæfum moll eru sem fyrr sungnar með áherslu á dúetta, bæði með og án texta. Þær geta verið með taktskiptum, í 6/8, eða óreglulegum takti, og með allt að fjórdeildum slögum. Hrynlestur er bæði í einföldum takti þar sem nóta eða þögn getur verið allt að fjórðungur slags og samsettum takti þar sem nóta getur verið allt að sjötti hluti slags. Bindibogar geta komið frá öllum þessum slaghlutum. Þríhljómar eru sungnir í grunn-sexundar- og fersexundarstöðu og greindir eftir heyrn. Tónbil eru sungin og heyrnargreind, leikin upp og niður á við eða sem samhljómur og geta verið víðari en áttund. Stuttar laglínur og hryndæmi í ætt við það sem hefur verið sungið og hrynlesið eru upprituð eftir heyrn.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi þekki hvernig aðgengileg hrynræn lagferli í dúr, hr. og lagh. moll hljóma og tilhögun radda í dúettsöng. Ennfremur tónbil eftir heyrn sem geta verið víðari en áttund, spiluð upp eða niður á við eða með samhljómandi nótum og þríhljóma í grunnstöðu fyrstu og öðrum hljómhvörfum. Hann þekki hrynmynstur þau sem talin eru upp í áfangalýsingunni. Hann þekki til aðferða við að þjálfra tónheyrn á því stigi sem talað er um í henni.

Leikni:

Nemandi öðlist leikni í að syngja lög í dúr, hr. og laghæfum moll með allt að fjórdeildum slögum og einf. eða 6/8 takti. Lögin geta líka haft taktskipti. Hann hafi jafnframt öðlast leikni í að syngja rödd á móti annarri (dúettsöng). Hann geti lipurlega slegið takt í einf. takti með nótum/þögnum sem allt að fjórðung slags og samsettum takti með nótum allt að sjötta hluta slags. Hann hafi öðlast leikni í að syngja og heyrnargreina tónbil jafnvel víðari en áttund, leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum og líka þríhljóma í grunn- og sexundar- og fersexundarstöðu.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér er ekki síst átt við aukna hæfni í nótnalestri og tengingu spilamennsku eða söngs, nótnaskriftar og heyrnarlegrar upplifunar.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur eða spjaldtölvur ásamt söng- og hrynlestrarblöðum sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Símat í tímum og lokapróf		100 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. jan 2026)	Nám og námsefni vorannar kynnt og skipulag þess. Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Þau geta verið víðari en áttund.	
2. vika (12. – 16. jan. 2026)	Þríhljómar sungnir í grunnstöðu og hljómhvörfum. Lög sungin og hrynur lesinn í einföldum takti.	
3. vika (19. – 23. jan 2026)	Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Þau geta verið víðari en áttund. Lög sungin og hrynur lesinn einkum í einföldum takti. Lag- og hrynupprit.	
4. vika (26. – 30. jan 2026)	Sjöndarhljómar: Ds7, D17, m17, hálfmk. og fullmk. í grunnstöðu sungnir og heyrnargreindir. Tónbil heyrnargreind leikin upp, niður eða með samhljómandi nótum. Lög sungin og hrynur lesinn í einföldum takti en með nokkuð flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynupprit.	
5. vika (2. jan – 6. feb 2026)	Sjöndarhljómar: Ds7, D17, m17, hálfmk. og fullmk. í grunnstöðu sungnir og heyrnargreindir. Þríhljómar í grunnstöðu og hljómhvörfum sungnir og heyrnargreindir. Lög sungin og hrynur lesinn í einföldum takti en með nokkuð flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynupprit.	
6. vika (9. – 13. feb 2026)	Lög með taktskiptum sungin ýmist í dúr eða hreinum moll. Hrynur í lesinn í einföldum takti en með flóknum taktbrigðum. Lag- og hrynupprit.	
7. vika (16. – 20. feb 2026)	Þríhljómar sungnir bæði í grunnstöðu og hljómhvörfum. Hrynur lesinn með þögnum allt að fjórðung úr slagi á hvaða slaghluta sem er. Lag- og hrynupprit.	
8. vika (23. – 27. feb 2026)	bæði í grunnstöðu og hljómhvörfum. Lög í óreglulegum takti sungin. Lag- og hrynupprit.	
9. vika (2. mars– 6. mars 2026)	Haldið áfram að þjálfast flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til. Slög í laglínunum geta héðan í frá verið fjórdeild.	
10. vika (9. – 13. mars 2026)	Haldið áfram að þjálfast flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

11. vika (16. – 20. mars 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
12. vika (23. – 27. mars 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
13. vika (30.mars – 3. apr. 2026)	Páskafrí	
14. vika (6. – 10. apríl 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
15. vika (13. – 17. apríl 2026)	Haldið áfram að þjálfa flest þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
16. vika (20. – 24. apríl 2026)	Haldið áfram að þjálfa þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
18. vika (22. – 26. apríl 2026)	Haldið áfram að þjálfa þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
19. vika (27. apríl – 1. maí 2026)	Haldið áfram að þjálfa þau efnisatriði sem áfanginn nær til.	
20. vika (4. – 8. maí 2026)	Vorpróf úr efni áfangans	Próf